

Sigursteinn Ingvarsson

From: Sí Tómas Örn Kristinsson <tomas.orn.kristinsson@sedlabanki.is>
<tomas.orn.kristinsson@sedlabanki.is>
Sent: 28. febrúar 2009 14:27
To: "Sigursteinn Ingvarsson" <sigursteinn@samherji.is>
Cc: Margrét Ólafsdóttir <margret@samherji.is>
Subject: RE: Fyrirspurn

Sæll Sigursteinn,

Við teljum þetta fullnægjandi skýringar og málið dautt. Kv/Tómas
From: Sigursteinn Ingvarsson
[mailto:sigursteinn@samherji.is] **Sent:** 24. febrúar 2009 17:51 **To:** Sí Tómas Örn Kristinsson **Cc:** Margrét Ólafsdóttir **Subject:** Fw: Fyrirspurn
Sæll Tómas Samheri hf. selur stærstan hluta af sínum afurðum í gegnum sölu fyrirtæki sín Seagold Ltd. sem er með aðsetur í Bretlandi og Ice Fresh Seafood ehf. sem er með aðsetur á Íslandi. Þegar Seagold Ltd. hefur mótttekið greiðslur frá sínum viðskiptavinum áframsendir félagið greiðslurnar beint inná reikninga Samherja hjá Nýja Kaupþing hf. Ice Fresh Seafood ehf. er að fullu í eigu Samherja og er með yfir 200 viðskiptavinum viðsvegar um heiminn. Við hrun bankanna í október í fyrra var farin sú leið að stofna til viðskipta við DnB í Noregi og beina greiðslum þessara viðskiptavina þangað. Tókst þannig að mestu að koma í veg fyrir að greiðslur væru að "týnast" í kerfinu og þá einnig að viðhalda "eðlilegu" greiðsluflæði frá okkar viðskiptavinum en félagið móttækur að meðaltali um 40 greiðslur frá sínum viðskiptavinum í viku hverri. Á síðastliðnu ári höfum við hert á allri innheimtu þar sem efnahagsumhverfið í heiminum er mjög viðkvæmt og margir okkar viðskiptavina sérstaklega í Austur-Evrópu búa við mjög ótryggt ástand og hafa tilhneigingu til að nýta sér það ástand sem skapast hefur hér heima til að draga greiðslur. Ástandið hefur vissulega batnað en þó höfum við ekki viljað senda nýjar greiðsluupplýsingar til okkar viðskiptavina þar sem enn þann dag í dag eru viðskiptabankarnir að breyta um heiti og breyta SWIFT kóðum. Þess vegna höfum við fylgst mjög nákvæmlega með öllum greiðslum sem Ice Fresh Seafood fær inná reikninga hjá DnB og síðan vikulega millifært inná reikninga hjá Íslandsbanka og Nýja Kaupþing. Ice Fresh Seafood greiðir síðan Samherja hf. hér heima. Á þann hátt er allur gjaldeyrir sem Samherji hf. móttækur fyrir sölu á öllum afurðum sínum erlendis áframsendur inná reikninga í þessum tveimur viðskiptabönkum og teljum við að félagið uppfylli þannig að fullu 9. gr. reglna nr. 1130/2008 um gjaldeyrismál. Ef Seðlabankinn óskar eftir frekari upplýsingum þá verða þær að sjálfsögðu veittar. Með bestu kveðju, Sigursteinn Ingvarsson Fjármálastjóri / Financial Director CFOSamherji hf. Tel +354 460 9024 Fax +354 460 9099 sigursteinn@samherji.is----- Forwarded by Margrét Ólafsdóttir/Samherji/IS on 24.02.2009 16:24 -----
Sí Tómas Örn Kristinsson <tomas.orn.kristinsson@sedlabanki.is>

24.02.2009 16:10

Sæl Margrét, Geturðu komið þessu áfram til Þorsteins Más. Seðlabankinn hefur af því spurnir að aðilar sem kaupir afurðir af Samherja leggi andvirði þeirra inn í reikninga fyrirtækisins í Noregi, sem er mögulega brot á 9. gr. reglna nr. 1130/2008 um gjaldeyrismál. Áður en við vísum málinu áfram til Fjármálaeftirlitsins, sem hefur með höndum rannsókn á meintum brotum á reglunum, óskum við eftir skýringum yðar á því hvernig skilaskyldu er sinnt í þeim tilvikum sem að ofan er greint frá.